

# Leirlist frá Perú hinu forna

Það er vissulega umhugsunarefni að leirlistin lifir lengst menningarverðmæta sumra þjóða. Orðsins list er okkur Íslendingum svo nákominn að við teljum sjálfgefið að hún lifi allar þrengingar í tíma og rúmi. Hámenning á borð við þá sem var við lýði í Perú hinu forna segir okkur hins vegar aðra sögu. Spánverjar lögðu í rúst merkilegt guðveldi Inkanna á fyrri hluta sextándu aldar og þeir stunduðu það að brenna handrit og bræða gripi úr eðalmálum. Leirgripirnir þóttu hins vegar ekki hættulegir og auk þess mátti hafa af þeim nytjar. Því hafa þeir margir hverjir haldist nánast óskemmdir í allt að 34 aldir. Nú hefur safn forna leirmuna frá Perú hinu forna ratað inn á Kjarvalsstaði fyrir milligöngu sendiráðs Perú á Norðurlöndum.

## Leirkerin einkenni hvers tíma

Hér er um að ræða 85 gripi frá Þjóðminjasafninu í Lima, en þar eru viðhafðar rannsóknir á sex þúsund ára sögu menningar og lista í Perú. Gripunum hefur verið skipt upp eftir tímabilum og eru þau helstu kölluð aðfararskeið, milliskeið og háskeið. Í sýningararkrú rita þau Inge Schjellerup og Ramira Matos Mendieta sögu hinnar fornu perúsku menningar í stuttu máli. Þar kemur fram að elstu þekktu leirmunirnir á Mið-Andessvæðinu eru frá Huanuco-héraði og eru taldir vera frá því um 1800 f. Kr., aðfararskeiði. Leirkerasmíð breiddist ört út og varð upp frá því eitt helsta einkenni menningar hvers tíma.

## Marglit geómetrisk skreyting

Chavinstíllinn varð áberandi á snemmháskeiði og voru leirmunir þá nátengdir átrúnaði. Síðan tók við fyrri milliskeið þar sem Moche-ríkið var hvað merkast, en það hefur verið talið auðugasta ríki heims á þeim tíma og fylgdi gnótt gulls, silfurs og haglegra leirmuna þjóðhöfðingjum þess í grófina. Nazcaþjóðin málaði marglit leirker á svipuðum tíma. Þá má nefna að leirmunir frá Cajamarca á hálendinu eru merkilegir vegna postulínsleirsins og leirmunir úr kaolíni frá Cajamarca hafa þótt einstakir og munu aðrar þjóðir ekki hafa nýtt þetta efni til leirmunagerðar. Á miðháskeiði reis Wari-þjóðin hæst og innleiddi stórborgarmenningu og fjölliða leirmuni þar sem geislandi sól var algeng skreyting. Stórveldi hinna frægu Inka á síðháskeiði stóð hins vegar aðeins í tæpa öld, 1438-1532. Ríki þeirra var mjög víðfeðmt og náði yfir meginhluta Suður-Ameríku. Megininkenni leirmuna Inkanna er marglit geómetrisk skreyting og niðurmjög ílát.

## Fróðleg innsýn

Þó svo að hér sé um nytjalist að ræða endurspeglast trúarlíf og gildismat hinna fornu samfélaga í formum og skreytingum leirgripanna. Flestir eru þeir hugsaðir sem ílát og gefa skreytingarnar oft vísbendingar um hlutverk þeirra. T.a.m. er talið að reðurmyndaður vasi frá svonefndu fyrri milliskeiði hafi verið notaður við frjósemisathafnir. Hér er vissulega um að ræða fróðlega innsýn í framandi menningarsamfélag, en skipuleggjendur hefðu mátt fylgja framandleikanum betur eftir með því að mála salinn dekkri, t.d. í þeim anda sem birtist í sýningararkrúnni. Þannig hefði mátt beina ljósinu og athyglinni að leyndardómi verkanna sjálfra í stað þess að flennilýsa hvítan geiminn umhverfis þau. Gripirnir eru flestir af smærri gerðinni og hverfa nánast í ofbirtu salarins. Annars er einkennilegt að sjá hvernig margir þeirra hafa verið merktir á áberandi hátt. Slíkt þætti vart hæfa á söfnum hér.

## Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson



Gunnar Eyjólfsson og Anna Kristín Arngrímsdóttir í hlutverkum sínum.

# Söngelsk fjölskylda í blíðu og stríðu

Að öllum líkindum verða aldamótin skemmtilegt tilefni til að skjóta upp margföldum birgðum af flugeldum og til þess að halda enn þá mæðarfullri hátíðar-ræður en ella. En fátt bendir til þess á þessari stundu að einhver sérstök vatnaskil verði í sögu þjóðarinnar við þau tímamót öðrum fremur.

Hin eiginlegu aldamót voru hins vegar þegar Íslendingar upplifðu ekki ein, heldur í raun tvöaldahvörf á fimmta og sjötta áratugnum.

Fyrst kom blessað stríðið og kippti þjóðinni út úr ævaforni vinnuhefð inn í tæknivætt nútímabjóðfélag. En það var eins og höfuðið vildi ekki fylgja með.

Lífsgildi, síðvenjur og viðhorf breyttust hægar og það er ekki fyrr en í lok sjötta áratugarins og í byrjun

## Leiklist

Auður Eydal

þess sjöunda sem hugsunarhátturinn tekur sömu stökkbreytingu og verkmenningin fyrr.

Það er þetta seinna breytingarskeið sem myndar baksvið frásagnarefnis Ólafs Hauks Simonarsonar í Þreki og tárur þar sem hann kemur enn einu sinni á óvart með óvæntri nálgun við söguefnið. Sýnir á sér nýja hlið.

Svipmyndir úr sögu fjölskyldu í Vesturbænum, ýmist blíðar eða stríðar, eru skeyttar saman með fjölda söngatriða þar sem gömul (og að því er manni fannst löngu útjöskuð) lög frá þessum tíma öðlast nýtt líf.

Þau gegna miklu hlutverki og koma oft sem beint innlegg í framvinduna í flutningi leikara, söngvara og hinnar ágætu Tamlasveitar sem músiserar glaðlega undir öruggri handleiðslu Egils Ólafssonar.

Formið kann að virðast nokkuð brotkennt í byrjun, á meðan kynning persóna fer fram, og ekki ýkja nýstárlegt við allra fyrstu sýn.

En fjótlega kemur í ljós að yfirsýnin er glögg og tókin þéttast.

Brugðið er upp svipmyndum úr hversdagstilveru og samskiptum þessara einstaklinga, það er mikið sungið og oftar en ekki er stutt í kómikina. Gleði og tregi takast á.

## Lifandi lífspráður

Brátt myndast í verkinu lifandi lífspráður þar sem persónusköpun og persónusaga eru í fyrirrúmi. Textinn er ljóðrænn á köflum og oft fallega skrifaður. Í honum leynast áreiðanlega fleiri góð tilsvör en festast í minni eftir eina heimsókn í leikhúsið.

Mannúð og munúð svifa yfir vötnum, þó að harka heimsins sé líka til staðar, og spurningar um sekt og fyrirgefningu eru áleitnar.

Verkið er þroska- og fjölskyldusaga unga piltsins, Davíðs, sem er miðpunktur í þessari söngelsku fjölskyldu. Saga foreldra hans, afa, móðursystkina og vina endurspeglar daglegt líf og amstur ósköp venjulegs fólks á þessum tíma.

Þau eru ekki frændfólk persónanna í Djöflaeyjunni en búa sennilega í næstu götu við svæðið þar sem kampurinn stóð og þau sýna okkur aðra hlið á tilverunni á þessum tímum.

En vel að merkja. Megininntak verksins er óháð ákveðnum tíma eða staðsetningu. Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um lifandi manneskjur og samskipti þeirra. Tíðarandi er kallaður fram með ýmsu móti, ekki hvað síst með söngvum tímabilsins, og staða konunnar er skoðuð í gegnum gleraugu tímans.

## Fjörug og tregablandin í senn

Þórhallur Sigurðsson leikstjóri tekst á við það spennandi verkefni að færa textann til sviðs og beita galdri leikhússins til þess að gæða efnið lífi. Honum og hans liði tekst það skínandi vel enda er Þórhallur þaulvanur að vinna með Ólafi Hauki. Val hans á leikurum er byggt á traustum grunni og það er áberandi hversu vel hver einstök persóna skilar sér í þeirri marglitu mannlífsflöru sem við kynnumst á sviðinu.

Axel H. Jóhannesson, höfundur leikmynda, leyfir rýminu að njóta sín í uppsetningunni. Sviðið virtist fremur eyðilegt, næstum snautlegt í byrjun – utan trésin eina sem stendur óhagganlegt í bakgrunninum. En nýtingin á rýminu var góð og það er spilað með lýsinguna í fjölbreytilegum tilbrigðum. Hún er verk Páls Ragnarssonar. Búningar Maríu Ólafsdóttur eru líka vel heppnaðir í finum litasamsetningum. Þeir eru trúir stíl tímabilsins og án alls figúrugangs sem stundum bregður fyrir þegar hönnuðir þekja ekki sín takmörk.

## Hilmir Snær og Edda Heiðrún heilla

Leikendur eru hver öðrum betri og þyrfti næstum því að telja þá alla upp ef sanngirni væri gætt og rými gæfist í blaðinu. Þeir eru flestir jafnvígir á söng og leik og hópatriði takast mörg hver mjög vel.

En það er túlkun einstakra persóna sem stendur eftir og nægir þar að nefna heillandi persónusköpun Hilmis Snæs Guðnasonar í hlutverki Davíðs og stjórnmuleik (og -söng) Eddu Heiðrúnar Backman sem leikur móður hans. Hilmir Snær hefur einstaka útgeislun á sviði og miðlar túlkuninni fyrirhafnarlaust til áhorfenda. Jóhann Sigurðarson vinnur mjög góða heildarmynd í hlutverki föðurins og Edda Arnljótsdóttir kemur eins og framandi gustur að westan inn í tilbreytingarlítið hvundagslíf fjölskyldunnar í hlutverki móðursystur Davíðs. Svolítið ýkt persóna sem hrærir duglega upp í tilveru fólksins.

Gunnar Eyjólfsson er frábær sem erki-afinn. Hann hefur allt fram til þessa haldið utan um mál fjölskyldunnar án þess að láta sér detta í hug að hans skoðun væri kannski ekki hin eina rétta.

Aður var minnst á skemmtilega tónlistarstjórn Egils Ólafssonar en hann leikur líka mikilvægt hlutverk rakarans sem mælir fram marga vísu. Afinn og rakarinn eru fulltrúar hverfandi tíma, saman um það að vera svolítið utan og ofan við heiminn, og þó ólíkir séu um margt sameinast þeir í söngkvartett á síðkvöldum.

Vigdís Gunnarsdóttir miðlar nærfærnislega unninni lýsinu á Sigu, sem Davíð verður ástfanginn af. Og svo er það hann Órn Arnason sem glansar jafnt í leik sem söng í hlutverki Árna. Aðrir skila sínu vel, þó of langt sé upp að telja.

Í Þreki og tárur er sögð ljúfsár þroskasaga sem endurspeglar andrúm liðins tíma. Þeir sem unna léttu tónlist ættu alls ekki að missa af stórskemmtilegum söngatriðum í þessu nýja leikriti Ólafs Hauks Simonarsonar.

Þjóðleikhúsið sýnir á stóra sviðinu:

Þrek og tár  
eftir Ólaf Hauk Simonarson  
Lýsing: Páll Ragnarsson  
Danstjórn: Ástrós Gunnarsdóttir  
Búningar: María Ólafsdóttir  
Leikmynd: Axel H. Jóhannesson  
Tónlistarstjórn: Egill Ólafsson  
Undirleikur: Tamlasveitin  
Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson  
Söguvið: Vesturbærinn um 1960

## NÝTT TÖLUBLAÐ

Á NÆSTA BLAÐSÖLUSTAÐ


Allt um

## Kombukha sveppinn


Handan lífs og dauða - Slökunartækni  
Sípreyta - Íslensk seiðmenning  
Rafsegulsviðsöþol

Er framhaldslífið staðreynd - Tarot  
Stjörnuspeki - Draumráðningar o.fl.

- tímarit um það sem skiptir máli -  
Áskriftarsími 581 3595



## NÝKOMIÐ



Vatnsheldir  
gönguskór  
m/höggdeyfandi  
sóla

**ecco**

Track



Skóverslun  
**ÞÓRÐAR**  
GÆÐI & ÞJÓNUSTA  
Laugavegi 40A  
(áður Lyfjabúðin lóunn)  
S. 551-4181

Teg. 1153  
St. 36-41  
Litur mineral/sand  
bison/bison  
Verð kr. 10.995